

# Morgunblaðið

## mbl.is/gagnasafn

Þriðjudaginn 21. nóvember, 2006 - Innlendar fréttir

### Sjö listamenn tjá sitt dýrslega eðli í sláturhúsinu

Egilsstaðir | Á föstudag verður opnuð í gamla sláturhúsinu á Egilsstöðum sýningin Dýrið í mér. Sjö listamenn leiða saman hesta sína á ólíkum sviðum listsköpunar.

Egilsstaðir | Á föstudag verður opnuð í gamla sláturhúsinu á Egilsstöðum sýningin Dýrið í mér. Sjö listamenn leiða saman hesta sína á ólíkum sviðum listsköpunar. Þetta eru þau Svandís Egilsdóttir listmálari, Kristín Scheving vídeólistakona, Ingunn Þráinsdóttir grafíker, Ólöf Björk Bragadóttir listmálari, Agnieszka Sosnowska ljósmyndari, Bjartmar Guðlaugsson tónlistarmaður og listmálari og Sigurður Ingólfsson prófessor í franskri ljóðagerð. Svandís Egilsdóttir sýningarstjóri segir listamennina túlka dýrið í sér með ólíkum hætti sem birtast muni í ljósmyndum, vídeóverki, málverkum, innsetningu ljóss og hljóða, gjörningi og ljóði.

Sýningin, sem verður formlega opnuð kl. 20 á föstudagskvöld, stendur til 26. nóvember, þ.e. í tvo daga.